

8.2.2010

Alþingi  
Erindi nr. E 138/1041  
komudagur 8.2.2010

Iðnaðarnefnd Alþingis

Þrátt fyrir að frestur sé runninn út til að koma umsögnum um frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ (mál 320 ), var eftirfarandi fært til bókar hjá stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

3. Bréf dags. 16.12.2009 frá Iðnaðarnefnd Alþingis ásamt frumvarpi til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.  
*„Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum lýsir yfir stuðningi við frumvarp til laga um gagnaver í Reykjanesbæ. Neikvæð umfjöllun um eignarhald félagsins hefur leitt umræðuna frá kjarna málsins, sem er uppbygging atvinnutækifæra á Suðurnesjum og fyrir landið í heild. Mikilvægt er að unnið sé að verðmætasköpun og öflun nýrra atvinnutækifæra í þeim tilgangi að reisa íslenskt efnahagslíf við eftir þrengingar síðustu ára.“*

Þessu er með komið á framfæri.

Bestu kveðjur,

Berglind Kristinsdóttir,  
Fjármálastjóri/Atvinnuráðgjafi  
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum,